

7. fundur Betadeildar, haldinn á Greifanum 19. mars 2018 kl. 19:30

Óformlegur fundur þar sem 16 konur voru mættar og undirbúningur var í höndum undirbúningsnefndar.

Konur gæddu sér á súpu og salati og ræddu bækurnar **Saga Ástu** eftir Jón Kalman Stefánsson og **Kviksyndi** eftir Malin Persson Giolito.

Umræður voru skemmtilegar, konur skiptust á skoðunum og deildu hugleiðingum um bækurnar.

Í lokin voru óformlegar umræður um það hvort ætti að halda leshringnum inni sem deildarfundi þar sem mæting hefur verið lakari en á aðra fundi. Umræður urðu um fjölda funda hjá deildinni og þær sem eldri eru bentu á að þeim hafi fjölgað með árunum, fundirnir voru sex á vetri á árdögum Betadeildar. Þeirri hugmynd var velt upp að hafa þrjá fundi fyrir jól og þrjá fundi eftir jól og að auki leshring og 5. október fundinn. Ritari tók að sér að skrá þessar hugmyndir til frekari umræðna á formlegum fundi síðar.

Fundi var slitið kl. 21:50.

Fundargerð ritaði Fríða Pétursdóttir